

Á Íslandi eru einstök skilyrði til að sjá og rannsaka flest sem varðar jarðfræði, eldvirkni og jarðhita því að landið er ungt og enn í mótun. Segja má að Ísland sé gluggi inn í fortíðina en jafnframt framtíðina. Með því að lesa út úr jarðlögunum um sögu landsins má spá fyrir um það sem vænta má. Hér á Íslandi eru stærstu jöklar og þar með jökulár Evrópu, mestu há- og lághitasvæðin, óvenjumikil eld- og jarðskjálftavirkni auk stórbrotinnar náttúru.

JARÐORKU er ætlað að varpa nokkru ljósi á þessa þætti um leið og hún skýrir fyrir gestum hvernig orkan í iðrum jarðar er beisluð til að hita upp þúsundir heimila á Suðurnesjum og sjá íbúum þeirra fyrir fersku drykkjarvatni og nokkurri raforku að auki.

Á sýningunni eru 18 fræðslukassar með eftirfarandi þema:

- 1 Land í mótun
- 2 Sjór og eldur takast á
- 3 Ísland verður til
- 4 Jörðinni má líkja við egg
- 5 Plötumörk á jarðskorpunni
- 6 Jarðskjálftalíkan
- 7 Virka eldgosabeltið
- 8 Jarðskjálftar á Íslandi
- 9 Eldgos eru tíð á Reykjanesi
- 10 Sprungugos eru algengust á Íslandi
- 11 Aldur jarðar
- 12 Jökull yfir Skandinavíu
- 13 Ísland var suðræn paradís...
- 14 Rannsóknir og vísindi
- 15 Orka sótt í iður jarðar
- 16 Borað eftir heitu vatni
- 17 Orkuverið í Svartsengi
- 18 Bláa lónið

Sýningin er sett upp í samstarfi við HS Orku.



Jarðorka

earth energy

Sýningunni JARÐORKU er ætlað að fræða gesti um undirstöðuatriði íslenskrar jarðsögu og jarðfræði, skýra á einfaldan hátt eðli jarðhita, eldvirkni og jarðskjálfta.

KVIKAN

AUÐLINDA- OG MENNINGARHÚS



Tvær einstakar sýningar:



Jarðorka
earth energy



Hafnargata 12a
Sími 420 1190
kvikan@grindavik.is
www.grindavik.is/kvikan
Opið alla daga frá kl. 10:00-17:00



Sýningin Saltfisksetrið er ljóslifandi saga sjómennsku. Hún er mjög forvitnileg fyrir erlenda ferðamenn, fróðleg fyrir skólafólk sem getur hér kynnt sér mikilvægasta atvinnuvegin og ánægjuleg fyrir hinn almenna Íslending sem fer í helgarbíltúr með fjölskylduna.

Grindvíkingar hafa löngu verið drjúgir við saltfiskinn og sýning um sögu verkunar og sölu á saltfiski og þýðingu hans fyrir þjóðarbúið í gegnum tíðina á því vel heima í Grindavík

Sýningin Saltfisksetrið var opnuð árið 2002. Saga saltfisksins er sögð með stórum myndum, hnitmiðuðum texta og lýsandi munum. Mörkuð er ákveðin leið í gegnum sýninguna og sagan þannig rakin í tímaröð. Möl er á gólfi og leikmyndir af húsum frá ýmsum tímabilum sem skapa sérstaka og eftirminnilega upplifun.

Ekkert var sparað til að gera sýninguna sem glæsilegasta enda hefur hún vakið mikla athygli.

Grindavíkurbær var leiðandi aðili við byggingu setursins í samstarfi við stofnendur þess og aðra styrktaraðila í bænum.

Björn G. Björnsson sýningarhönnuður sá um hönnun og uppsetningu beggja sýninganna í Kvikunni.



Saga saltfiskverkunar á Íslandi þar sem fléttast inn í saga sjómennsku, þróun skipa, veiða og vinnslu, frá lokum hefðbundinnar verbúðarmennsku til þessa dags.